

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 20. apríl 2022
Málsnúmer: 202203-0052
SS

Efni: Umsögn um matsskyldu ofanflóðavarna við Bíldudal.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 24. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um mögulega matsskyldu tilkynntrar framkvæmdar á byggingu ofanflóðavarna ofan Bíldudals í Vesturbyggð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með tilkynningunni. Áform um ofanflóðavarnir í Bíldudal hafa verið nokkuð lengi í athugun og hafa nú þegar margar ítarlegar rannsóknir farið fram m.a. á náttúrufari svæðisins. Því eru væntanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar vel þekkt og greinargóð umfjöllun er um þau í tilkynningunni. Ekki er að sjá að fullt mat á umhverfisáhrifum muni bæta við nýjum upplýsingum þannig að um muni. Því telur Náttúrufræðistofnun ekki þörf á því að framkvæmdin fari í umhverfismat.

Ljóst er að viðamestu umhverfisáhrifin eru sjónræn áhrif á landslag eins og algengt er með ofanflóðavarnir. Miklar breytingar verða á ásýnd suðausturhlíðar Bíldudalsfjalls ofan byggðarinnar. Hönnun og frágangur skiptir miklu máli til að takmarka ásýndaráhrif eins og hægt er.

Athuganir á gróðurfari svæðisins eru ítarlegar og hafa nýlega verið uppfærðar. Vistgerðir með ekkert eða lágt verndargildi eru ríkjandi. Graslendisvistgerðir með hátt verndargildi finnast á tæplega 20% svæðisins og starungsmýravist með mjög hátt verndargildi á rúmlega 6% svæðisins. Þessar vistgerðir munu raskast en fjallað er um tækifæri til endurheimtar votlendis utan framkvæmdasvæðis sem mótvægisáðgerð. Ýmsar aðrar mótvægisáðgerðir til að veða upp rask á gróðurþekju eru tilgreindar í tilkynningunni sem er jákvætt.

Áhrif á fuglalíf eru ekki talin mikil en búsvæði nokkurra varppara munu raskast, einkum spörfugla. Algengustu tegundirnar eru ekki sérstaklega sjaldgæfar.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við framkvæmdina.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

